

MINNISBLAÐ

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun (sogv)

29.10.2010

Símafundur haldinn þann 29. júní 2010 kl. 9:00-12:00

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður
 Böðvar Pétursson
 Björn Ármann Ólafsson
 Elín Heiða Valsdóttir
 Hjalti Þór Vignisson, (til um 11:30)
 Magnús Hallgrímsson
 Ólöf Ýrr Atladóttir
 Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri (til um 11:30)
 Þórunn Pétursdóttir (til um 11:30)
 Björg Ágústsdóttir, Alta
 Árni Geirsson, Alta
 Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

Dagskrá:

- Hvernig á að fara með umsagnir og athugasemdir sem bárust eftir frestinn.
- Yfirferð um athugasemdir. Hvað kom mest á óvart við athugasemdir?
- Farið yfir athugasemdir og auglýsingar
- Næstu skref

1. Hvernig á að fara með umsagnir og athugasemdir sem bárust eftir frestinn.

Ákveðið að miða við að taka til greina athugasemdir og umsagnir sem bárust á mánudag (28. 6.) þ.e. fyrir miðnætti. Taka þá bæði til greina umsagnir stofnana og einstakar athugasemdir sem bárust í tölvupósti eftir að fresturinn auglýsti rann út. Best að miða við að allir nytu þess og gera ráð fyrir að bréf póstsett 24. 6. berist í síðast lagi tveimur virkum dögum eftir póstlagningu.

2. Yfirferð um athugasemdir. Hvað kom á óvart í aths.?

Niðurstaða að fátt hefði beint komið á óvart. Greinilegt væri þó að styrkja þyrfti forsendur fyrir stefnu um vegi, reiðleiðir og slóða og grunn fyrir ákvarðanir á þeim sviðum m.a. lokanir í sogv. Skiptar skoðanir voru greinilega um lokun leiða, því allnokkrir virðast styðja slíka stefnu og leggja til frekari lokanir. Hagsmunir greinilega ólíkir og þar er tekist á. Bent var á að ranglega væri farið með í athugasemdum að svæðisráð á Suðursvæði hefði ekki samþykkt bæði veg í Hoffeldal og umferð á Heinabergssvæði. Svæðisráðið gerði það á fundum. Mikilvægt að fara vel í gegnum athugasemdir og ábendingar og hafa svör á reiðum höndum. Stjórn þarf að fá góðar upplýsingar um hvernig samráð fór fram hjá svæðisráðum, v egna aths. um það frá tilteknum hópum.

3. Yfirferð yfir efnisatriði umsagna og athugasemda.

Árni fór yfir úrvinnslu á athugasemdum.

- Listi liggur fyrir með yfirliti um þá sem gerðu athugasemdir og sendu inn umsagnir.
- Tekið hefur verið saman yfirlit um hvaða athugasemdir komu frá hverjum og sama um umsagnir.
- Einnig hefur verið tekinn saman listi með helstu efnisatriðum.
- Loks hafa athugasemdir og umsagnir verið afritaðar úr tölvupósti og búin til pdf-skrá með þeim öllum.
- Alta hefur sent ofangreind gögn til allra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Ath. þau eru óyfifarin. Alta mun yfirfara þessi gögn og senda stjórn aftur í síðasta lagi á fimmtudag.

Árni fór einnig yfir helstu efnisatriði og voru þau rædd samhliða. Helsti lærdómurinn er að rökstuðningur nær ekki alls staðar í gegn. Einnig er sums staðar verið að mótmæla efnisatriðum sem eru bundin í reglugerð þjóðgarðsins.

Einnig var farið yfir grundvallarsjónarmið á hverju svæði, sem leiddu til ákvarðana varðandi aðgengi. Fundarmenn voru sammála um að stefna þjóðgarðsins um þau þyrftu að koma skýrar fram í Stjórnunar- og verndaráætlun.

Rætt var um tilhögun samráðs á hverju svæði og samþykkt að taka saman yfirlit um tilhögun þess frá hverju svæði, sem færi í svör við ábendingum og athugasemdum. Samráð var haft við fulltrúa félagasamtaka á svæðunum við gerð tillagna frá svæðisráðum en samráð á landsvísi varð ekki fyrir en með auglýsingu sogv stjórnar. Þá fyrst er horft til þjóðgarðsins í heild. Rætt var um hvort betur kynni að hafa reynst að koma á samráði um aðgengi og aðrar áherslur mun fyrir í þessari vinnu til að kortleggja betur heildarsjónarmið hagsmunaaðila. Einnig var rætt hvort ástæða hefði verið til að leiða saman aðila með ólíka hagsmuni svo þeir hefðu getað tekið þátt í að leggja línur hvað þetta varðar. Af þessu má draga lærdóm til að gera betur næst.

4. Næstu skrefin - Niðurstöður

Ákveðið að Björn fari yfir athugasemdir og ábendingar varðandi veiðar og dragi skýrar fram rökin með veiðibanni.

Svæðisráðsformenn skoði betur og skýri forsendur fyrir ákvörðunum varðandi aðgengi akandi, gangandi, ríðandi og hjólandi, með þjóðgarðsvörðum, starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs og öðrum eftir atvikum. Þar sem það á við þarf góðan almennan texta um jafnræði sem tekur á rökstuðningi vegna samgöngustefnu – Hjalti mun taka landeigendur á Heinabergssvæðinu og við Hoffell með inni þessa umræðu og leita farsælla lausna. Elín Heiða og hennar hópur skoði í þessu sambandi m.a. fyrirliggjandi tillögur frá Jökklarannsóknarfélaginu en SAMÚT hafði samþykkt tillögur Jökklarannsóknarfélagsins, sem sáttaleið varðandi vegi. Þessir hópar fari einnig yfir athugasemdir og ábendingar almennt, hafi til hliðsjónar og leggi fram tillögur til umræðu að mögulegri lausn á næsta fundi stjórnar á föstudaginn kemur.

Alta byrjar að svara athugasemdum skv. ákvörðun stjórnar og skoðar einnig:

- allt sem tengist lagalegri umfjöllun.
- IUCN verndarflokkun m.a. m.t.t. þess að snúa á tillteknum svæðum aftur yfir í flokk II frá VI.
- Ákvæði í Esjufjöllum, Öskju osfrv.
- Setur inn Ramsarskilmála frá umhverfisráðuneytinu, eins og þeir þurfa að vera þegar svæðið er komið inn.
- Tjöldun, sem hluta af lagaramma.
- Rannsóknarleyfi – samræmir og tekur tillit til ath.s.
- Vöktun og rannsóknir – samræmir og tekur tillit til ath.s.
- Línulagnir
- Fjallar um skort á samráði
- Skógrækt og uppgæðslu
- Tengsl við skipulag
- Skála í einkaeigum
- Svarar umsögnum frá stofnunum s.s. Náttúrufr.stofnun.

4. Næstu skrefin - Niðurstöður

Næsti símafundur verður föstudaginn 2. júlí kl. 13 til 16, þar sem farið verður yfir tillögur að breytingum frá öllum skv. ofangreint.

Síðan símafundur miðvikudaginn 7. júlí kl. 13 til 17 til fínþússningar á svörum og athugasemdum og textabreytingum í sogv.

Halldóra Hreggviðsdóttir, fundarritari